

## Tillaga til ályktunar

- Þjálfari eða forystumaður í leikbanni -

## Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ  
um aga- og úrskurðarmál

## II. kafli.

## MÁLSMEDFERÐARREGLUR

## 4. gr.

## Almennar málsmeðferðarreglur

4.4. Sóknaraðili að máli getur verið einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti. Auk þess getur stjórn KSÍ eða ~~framkvæmdastjóri~~ **kærunefnd** KSÍ á grundvelli sérstakra heimilda vísað einstökum agamálum eða lagt fram kærufund til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. **Öll þau mál er kærunefnd KSÍ vísar til aga – og úrskurðarnefndar skal meðhöndla sem um kærufund sé að ræða, þ.m.t. frestur til að vísa til aga – og úrskurðarnefndar.**

## 5. gr.

## Agamál

5.2. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem ~~framkvæmdastjóri~~ **kærunefnd** KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

5.3. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila ásamt öðrum gögnum ef við á. **Aðeins kærunefnd KSÍ getur vísað málum til aga – og úrskurðarnefndar á þessum forsendum. Úrskurður í slíkum málum skal liggja fyrir eigi síðar en 7 dögum frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Liggja úrskurður ekki fyrir innan ofangreindra tímamarka telst málinu lokið án viðurlaga.**

Lagt er til að aðrar greinar í reglugerðinni breytist til samræmis og starfsreglur kærunefndar lagðar fram. Lagt er til að nefndin verði skipuð a.m.k. þremur aðilum.

## Greinargerð

Nokkuð hefur borið á því að framkvæmdastjóri KSÍ vísi málum til aga – og úrskurðarnefndar og óljóst er hvernig þau mál skuli meðhöndlast innan nefndarinnar. Mikilvægt er að fleiri aðilar komi að því að vísa

# 78. ÁRSÞING



24. FEBRÚAR 2024 – ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ FRAM Í ÚLFARSÁRDAL, REYKJAVÍK

málum til nefndarinnar sé þörf á því, t.d. vegna brota sem dómáram missa af í leik en koma svo fram á myndbandsupptökum líkt og gerðist á síðasta tímabili. Auk þess þarf að vera skýrt hvernig málið er meðhöndlað þannig að viðkomandi taki út refsingu skv. viðurlögum eins fljótt og auðið er en refsingin dragist ekki í marga daga eða jafnvel vikur.

Nauðsynlegt er að gera viðeigandi breytingar í þá átt að starfsreglur fyrirhugaðrar kærunefndar verði staðfestar í stjórn og í þeirri nefnd sitji aðilar sem reynslu hafa úr hreyfingunni, s.s. fyrrverandi dómari, aðili frá KSÍ (framkvæmdastjóri) og svo lögfræðingur en tillagan gerir ekki ráð fyrir því hvernig skuli skipa í nefndina en einfaldlega er lagt til að nefndin verði skipuð a.m.k. þremur aðilum.

**Stjórn ÍTF**